

Fjallabyggð  
b.t. Írisar Stefánsdóttur  
Gránugötu 24  
580 Siglufjörður

Reykjavík, 20. september 2022  
UST202208-221/A.Þ.  
10.05.00

### Efni: Umsögn - Fjarðargufan - Ólafsfjarðarvatn

Vísað er til erindis Fjallabyggðar er barst 17. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um verkefni sem felur í sér að koma fyrir fljótandi gufubaði á Ólafsfjarðarvatni. Fram kemur að vatnið er á náttúruminjaskrá og bakkar þess eru hverfisverndaðir.

Líkt og fram kemur í erindinu er Ólafsfjarðarvatn á náttúruminjaskrá. Um það segir „Ólafsfjarðarvatn, Ólafsfirði, Eyjafjarðarsýslu. (1) Vatnið allt ásamt ósi. (1) Strandvatn, 270 ha. Mjög sérstætt náttúrufrýrbrigði. Ferskt vatn flýtur ofan á söltu og verkar sem gler í gróðurhúsi á neðri lög. Mikið og fjölbreytt lífríki.“

Ekki kemur fram hvar ætlunin er að staðsetja gufuna, en Umhverfisstofnun minnir á 62. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 en skv. henni skal við framkvæmdir í eða við vötn leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Umhverfisstofnun telur ekki nægar upplýsingar fylgja bréfinu. Ekki er ljóst hvaðan vatnið til að búa til gufuna verður tekið. Einnig er ekki ljóst hvort heitt vatn renni út í Ólafsfjarðarvatn frá gufunni sem geti haft áhrif á lífríki vatnsins.

Gera þarf grein fyrir því hvernig þrifum á gufunni verði háttað, hvort niðurföll séu út í Ólafsfjarðarvatn, hvar aðstaða er fyrir þrifaílát, efni o.s.frv., hvaða efni er fyrirhugað að nota og hvort hætta sé á að þau berist í vatnið.

Stofnunin bendir á að baðstofur sem ekki eru reknar í tengslum við sund- og baðstaði skulu fullnægja kröfum 9. gr. reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum er varðar salerni, sturtur og búningsaðstöðu. Því er mikilvægt að tryggt verði að slík aðstaða verði gerð á landi ef leyfi verður veitt fyrir framkvæmdinni.

Umhverfisstofnun bendir á að starfsemin er starfsleyfis skyld hjá heilbrigðisnefnd skv. viðauka IV í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*

Axel Benediktsson,  
*sérfræðingur*